



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði
til heiðurs forseta Finnlands
Tarja Halonen og herra Pentti Arajärvi
19. september 2000**

Virðulegi forseti Finnlands Tarja Halonen
og herra Pentti Arajärvi
Heiðruðu gestir
Kæru vinir

Við fögnum hér í kvöld nýkjörnum forseta Finnlands og þökkum þann heiður sem þér sýnið Íslandi með því að sækja okkur heim svo fljótt á forsetaferli.

Við metum mikils þá vináttu sem þér virðulegi forseti hafið jafnan sýnt Íslendingum, dvalið hér í sumarleyfi á árum áður með fjölskyldunni og nú eruð þið hjónin hingað komin í brúðkaupsför.

Við óskum ykkur innilega til hamingju og biðjum þess að gæfa og blessun fylgi ykkur um alla framtíð.

Vissulega sýnir það alkunnan vilja yðar til að fara ótroðnar slóðir að heimsækja eyju elds og ísa hér í norðrinu svo skömmu eftir brúðkaupið; Ísland hefur sjaldan verið kjörstaður til brúðkaupsferða þótt borgarstjóri sjálfrar ástareyjunnar Kapri hafi hér um árið kosið að heiðra Ísland með þeim hætti.

Heimsókn yðar nú mun svo sannarlega styrkja enn frekar hið góða samband Finnlands og Íslands, lýðveldanna tveggja í hinni norrænu fjölskyldu. Tengsl þjóðanna hafa á okkar tíð orðið víðtækari og öflugri en nokkru sinni fyrr og má þó í fornum sögum finna vitnisburð um samfylgd og viðskipti þjóða okkar fyrir þúsund árum.

Í Íslendingasögunum og fornum ritum sem skráð voru á skinn fyrir hartnær átta öldum er Finnum jafnan lýst með virðingu og frásögnin oft sveipuð dulúð og spennu. Þeir eru sjálfstæðir og kraftmiklir og konurnar taldar búa að einstökum kyngikrafti. Lýsir Snorri Sturluson, merkasti höfundur miðalda, sá er um hríð bjó hér á Bessastöðum, þessu atgervi finnskra kvenna með litríkum hætti í hinni frægu Ynglingasögu.

Sagnaarfur, ævintýri, ljóð og sögur hafa verið þjóðunum báðum afar kær; átt ríkan þátt í að veita okkur þá sjálfsvitund sem best hefur dugað. Við Íslendingar þekkjum vel til hins mikla bálks sem kallaður er Kalavala og við fengum í frábærri þýðingu Karls Ísfelds á sínum tíma.

Kannski er það sköpunarkrafturinn úr menningu fyrri tíðar sem fært hefur Finnum og Íslendingum það forskot sem við nú njótum í samskiptatækni og þekkingariðnaði nýrrar aldar. Þjóðfélög okkar eru í fremstu röð þegar tenging heimila, skóla og fyrirtækja við veraldarvefinn er metin og skráð. Hin nýja kynslóð í löndunum báðum er betur búin að tölum og miðlunartækjum en jafnaldrar þeirra í öðrum löndum.

Sumir telja að í þessari þróun megi greina frumþætti í þjóðfélagi framtíðar og vissulega eru okkur veitt margvísleg sóknarfæri á þeim sviðum sem sköpum munu skipta í hagkerfi nýrrar aldar.

Við Íslendingar metum mikils hve ríkulega Finnar hafa kappkostað að efla samvinnu landanna á undanförunum árum og nýja íslenska sendiráðið í Helsinki, hið fyrsta sem við opnuðum erlendis um ærið langt skeið, hefur svo sannarlega orðið þessari þróun til styrktar.

Við fögnuðum því sérstaklega þegar Finnar höfðu forystu um að gera hina norðlægu vídd að gildum streng í mati Evrópusambandsins á framtíðarþróun álfunnar. Við vitum hve áhrifarík hlutdeild yðar, virðulegi forseti, var í þeirri stefnumótun, fyrirheit um að í forsetatíð yðar fengi sú hugsun að skila víðtækum árangri.

Fyrirrennari yðar Martti Ahtisaari lagði á það áherslu í sínu starfi að treysta samband Íslands og Finnlands og að leita nýrra leiða til að lýðveldin tvö í hinni norrænu fjölskyldu, útverðirnir í austri og vestri, gætu í góðri samvinnu haft mótandi áhrif á þá lífssýn sem best hæfir framlagi norðanverðrar Evrópu til mannréttinda, farsældar og lýðræðis í veröldinni allri.

Með heimsókn yðar til Íslands svo skjótt eftir embættistöku hafið þér staðfest í verki að áfram skuli haldið á þessari braut og ég veit frá

samræðum okkar fyrr á þessu ári að þér viljið kappkosta að styrkja enn frekar samför okkar og samvinnu á nýrri öld.

Hin norðlægu svæði – heimshlutinn frá Kanada yfir hafið til Norðurlanda, Eystrasalts og inn í Rússland vestanvert – hafa að loknu hinu kalda stríði orðið vettvangur nýsköpunar í stefnumótun og samvinnuformun. Norðurlöndin hafa á margvíslegan hátt tekið frumkvæðið í þessum efnum og ný svæðabandalög hafa í vaxandi mæli orðin öflug tæki til að tengja ríkin saman; bæði Evrópusambandið og Kanada hafa nú mótað sérstaka norðurstefnu og Bandaríkin og Rússland hafa einnig af opnum huga gengið til samstarfs um úrlausn viðfangsefna og vandamála sem brýnast eru á norðlægum slóðum.

Það varð mér því fagnaðarefni hve vel Háskóli Lapplands í Rovaniemi tók hugmyndum mínum um samstarf vísindamanna á norðurslóðum. Hann hefur síðan í félagi við Háskólann á Akureyri haft forystu um víðtækan stuðning fræðastofnana á norðurslóðum við að koma á fót reglulegu fræðapingi sem helgað væri málefnum norðursins. Verður hið fyrsta þeirrar tegundar haldið á Akureyri á vetri komanda og er því fyrirlestur yðar, virðulegi forseti, við Háskólann á Akureyri – reyndar sá fyrsti sem erlendur þjóðhöfðingi heldur við þann unga skóla – vísindasamfélaginu mikilvæg hvatning til að ryðja nýjar brautir í samstarfi fræðimanna.

Frumkvæði háskólanna í Rovaniemi og á Akureyri, útgáfa verka ungra íslenskra rithöfunda í Finnlandi á undanförunum árum, þýðingar finnskra bókmennta á íslenska tungu, heimsóknir tónlistarmanna, söngvara, dansara og leikhúsfólks hafa sýnt okkur í auknum mæli hve víða má leita fanga í menningu, rannsóknum og listum til að treysta sífellt böndin sem binda okkur saman.

Fyrir fáeinum vikum sáum við bæði í Reykjavík og Helsinki – evrópsku menningarborgunum tveimur – hvernig hinn frábæri finnski danshöfundur Jorma Uotinen hóf í æðri hæðir hið kyngimagnaða verk íslenska tónskáldsins Jóns Leifs, óðinn um Baldur og baráttu góðs og illis sem Jón samdi fyrir hálfri öld og var nú með liðsinni frábærra finnskra listamanna flutt í fyrsta sinn með þeim glæsibrag sem tónskáldið ætlaði.

Við þurfum að veita frumlegri hugsun og skapandi list enn meira svigrúm í samvinnu okkar á nýrri öld og leysa þannig úr læðingi kraftinn til nýsköpunar sem býr með þjóðunum tveimur.

Samfélag lýðræðis og mannréttina hefur óvíða í veröldinni náð meiri þroska og það er í senn skylda okkar og ábyrgð að rétta öðrum hjálparhönd í þessum efnunum.

Þér hafið svo sannarlega, virðulegi forseti, verið á starfsferli yðar, bæði á vettvangi samtaka launafólks, þjóðþings og ríkisstjórnar og nú sem forseti Finnlands öðrum fyrirmynd um hollustu við þær hugsjónir sem fært hafa fólkinu frelsi til að ráða sjálft hugsun sinni og hegðan, verða með sjálfstæði og samvinnu við aðra sinn eigin örlagavaldur. Þér hafið sýnt að þegar unnið er fyrir hinn góða málstað má okkur aldrei breyta þor.

Við hyllum hér í kvöld nýjan forseta Finnlands, einlæga baráttukonu fyrir lýðræði, mannréttinum og jafnrétti og góðan vin okkar Íslendinga.

Ég bið virðulega gesti að rísa á fætur og heiðra forseta Finnlands Tarja Halonen og herra Pentti Arajärvi og fagna um leið þeirri einstæðu frændsemi sem Finnar og Íslendingar hafa jafnan notið og munu vonandi njóta um ókomna tíð.